



Ársskýrsla 2010



Ársfundur 19. maí

Efnisyfirlit

| | |
|---|----|
| Starfsemin 2010 | 3 |
| Fjármögnun og rekstur | 4 |
| Stjórnun Starfsmenntar | 5 |
| Samstarfsaðilar | 6 |
| Starfsmannahald og starfspróun | 6 |
| Heimasíða, útgáfur og kynningarstarf | 7 |
| Nám og þjónusta | 7 |
| Starfstengdar námsleiðir | 9 |
| Á vettvangi- námsleið fyrir læknaritara | 10 |
| Áfengis- og vímuefnaráðgjafar | 10 |
| Brúarnám fyrir verðandi félagsliða | 10 |
| Brúarnám fyrir verðandi heilbrigðisritara | 10 |
| Félagsliðar | 10 |
| Flugstöðvarnám –nám og þjónusta fyrir starfsfólk á flugvöllum | 10 |
| Heilsa – námsleið fyrir starfsfólk á heilbrigðisviði | 11 |
| Hæfni – námsleið fyrir heilbrigðisritara | 11 |
| Járnsíða- námsleið fyrir starfsfólk sýslumannsembætta | 11 |
| Launaskólinn – nám fyrir launafulltrúa hjá ríki og bæ | 11 |
| Skil – námsleið fyrir starfsmenn á innheimtusviði tollstjóra | 11 |
| Skrifstofubraut I og II | 11 |
| Starfsnám stuðningsfulltrúa – grunnur og framhald | 12 |
| Tryggingastofnun ríkisins | 12 |
| Vísdomur – námsleið fyrir starfsmenn héraðsdómstóla | 12 |
| Almenn námskeið og tölvunám | 12 |
| Árangursrík kennsla og námsumhverfi á netinu | 12 |
| Enska fyrir atvinnulífið | 12 |
| Fjarkennt tölvunám | 13 |
| Framrás og Reksþölur | 13 |
| Mannauðsstjórnun fyrir millistjórnendur hjá ríkinu | 13 |
| Nám fyrir starfsfólk í stjórnunareiningum | 13 |
| Nýr vettvangur – breytt starf fyrir atvinnuleitendur | 13 |
| Talsmaður breytinga | 13 |
| Verkefnastjórnun – vinnulag sem virkar | 14 |
| Þjónustustjórnun og fleiri minni námskeið | 14 |
| Þjónusta við stofnanir | 14 |
| Ráðgjafi að láni | 14 |
| Náms- og starfsráðgjöf | 15 |
| Farandfyrirlestrar | 15 |
| Þróunarverkefni | 16 |
| Lokaorð | 17 |
| Skráningar á námskeið 2010 | 18 |

Starfsemin 2010

Fræðslusetrið Starfsmennt hélt áfram að vaxa árið 2010 og hefur starfsemin aldrei verið eins umfangsmikil. Námi, þjónustu og ráðgjöf setursins var afar vel tekið og jukust útgjöld um 12% milli ára án þess að hækkar hafi átt sér stað og voru alls kr. 100.645.116. Skráningum í nám á vef Starfsmenntar fjölgaði einnig um 62% milli ára og voru alls 3.496 talsins. Þjónusta Starfsmenntar er félagsmönnum aðildarfélaganna að kostnaðarlausu sem hluti af samningsbundnum réttindum þeirra en ríflega 20% þátttakenda standa utan aðildar að stéttarfélögum innan BSRB og nýta sér þjónustuna gegn gjaldi. Það sýnir hvað markhópur Starfsmenntar er fjölbreyttur, námsframboð áhugavert og hve mikilvægt er að starfsfólk geti sótt sameiginleg námskeið á vinnutíma óháð menntunartígi eða félagsaðild. Nýir samstarfssamningar sem Starfsmennt gerði á árinu auðvelda þessa samvinnu. Unnið var að mörgum nýjum fræðsluverkefnum á árinu enda fyrirséð að mikil deigla væri í símenntunar- og starfsþróunarmálum. Hlutur náms og þjónustu er 64% af heildarútgjöldum ársins og þar sækir stofnananám aftur í sig veðrið frá fyrra ári, á þann hátt að nýtt nám var vel sótt á kostnað eldri námsleiða. Þá var mjög góð aðsókn í flest þverfagleg námskeið, styttra stjórnunarnám, náms- og starfsráðgjöf og sérsniðna mannauðsþjónustu. Margar stofnanir drógu sig tímabundið í hlé með fræðslutilboð til starfsmanna vegna álags og anna en aðrar komu inn af fullum krafti.

Ný verkefni á árinu voru t.d. Launaskólinn fyrir launafulltrúa sem boðið var upp á víðsvegar um land við mjög góðar undirtektir. Þá tók Starfsmennt að sér að halda utan um Evrópuskóla BSRB fyrir þá forsvarsmenn samtakanna sem tóku þátt í nefndarstörfum vegna aðildarviðræðna við ESB. Unnið var að hæfnislýsingum starfa sem styrkt er af Starfsmenntaráði og störf á félags- og heilbrigðissviði kortlögð. Sú vinna mun nýtast áfram til að samþætta betur nám, störf og starfsþróun. Þá voru einnig þróaðar nýjar starfstengdar námsleiðir fyrir fangaverði og starfsfólk á flugvöllum og farið af stað með nám til að auðvelda breytingar á vinnustað. Farandfyrirlestrar flugu hátt og ríflega tvöfölduðust. Sú aukning á eflaust rætur að rekja til vaxandi eftirspurnar eftir námi inn á vinnustaði þar sem að það virðist henta mörgum stofnunum betur að kalla eftir stuttum og hnitmiðuðum námskeiðum í stað þess að skuldbinda sig til lengri tíma. Eftirspurn eftir Ráðgjafa að láni stóð í stað og var meira um handleiðslu og stuðning við starfsfólk.

Margskonar þjónusta við atvinnuleitendur stórefldist á árinu. Boðið var upp á námsúrræði og náms- og starfsráðgjöf í samstarfi við stéttarfélögin, Vinnumálastofnun og síðar Fræðslumiðstöð atvinnulífsins. Hannaðar voru nýjar námsleiðir fyrir þennan hóp og meðal annars boðið upp á starfsnám stuðningsfulltrúa tvisvar á hvorri önn. Þá var boðið upp á náms- og starfsráðgjöf sem var afar vel nýtt og komu 4 ráðgjafar að tæplega 200 einstaklingsviðtölum á árinu, sem fengu afar góðar viðtökur. Ljóst er að þessi tegund ráðgjafar er komin til að vera þar sem einstaklingum gefst tækifæri til að viðra hugmyndir sínar um nám og stefnu í starfi. Samstarf við framhaldsskóla var einnig með miklum ágætum í starfstengdu námi og brúarnámi s.s. við FÁ, Borgarholtsskóla og MK ásamt farsælli samvinnu við símenntunarmiðstöðvar, háskóladeildir, verktaka og aðra fræðsluaðila. Starfsmennt nýtti margvíslegar kynningarleiðir til að ná til markhópsins s.s. með því að gefa út tvo veglega námsvísa, senda út veffréttabréf mánaðarlega, skrifa greinar og birta auglýsingar í tímarit og blöð ásamt því að kynna setrið á fundum, ráðstefnum og hjá fræðsluaðilum.

Samstarf Starfsmenntar út á við var stóraukið á árinu. Samningar voru gerðir við Mannauðssjóð Samflotsins sem í eru 12 starfsmannafélög bæjarstarfsmanna og einnig við Starfsmannafélag Suðurnesja. Þá voru gerðir samstarfssamningar við tvo fræðslusjóði Starfsgreinasambandsins; Ríkismennt og Sveitamennt til að greiða leið starfsfólks í starfstengt nám þvert á stéttarfélagsaðild. Um leið og eigendur Starfsmenntar gerðust aðilar að Fræðslumiðstöð atvinnulífsins og lög um framhaldsfræðslu tóku gildi 1. okt. 2010 var ljóst að aukið samstarf væri í uppsiglingu og voru lögð drög að því samstarfi á árinu. Ákveðið var að Fræðslusetrið Starfsmennt og Fræðslumiðstöð atvinnulífsins flyttust í sameiginlegt húsnæði að Ofanleiti 2 og var leigusamningur þess efnis undirbúinn og undirritaður á árinu.

Þrjú stöðugildi voru hjá Starfsmennt í upphafi árs en við lok þess voru þau orðin fjögur. Auk þess kaupir Starfsmennt margskonar stoðþjónustu. Mikið líf var í starfsmannamálum en Guðbjörg Sigurðardóttir fór í fæðingarorlof í maí og Bergþóra Hrönn Guðjónsdóttir var ráðin í hennar stað um haustið. Björg Valsdóttir verkefnastjóri tók að sér aukna ábyrgð sem skrifstofustjóri og umsjónarmaður rafrænnar umsýslu náms. Þá störfuðu 4 náms- og starfsráðgjafar sem verktakar hjá setrinu og tóku viðtöl á skrifstofunni. Þau Björn Hafberg og Guðrún Sederholm báru hitann og þungann af þeim viðtölum. Undir lok ársins var gengið frá ráðningu nýs mannauðsráðgjafa og var Lára S. Baldursdóttir ráðin til starfans. Starfsfólk, framkvæmdastjóri og stjórn sóttu ráðstefnur og námskeið innan lands og utan til að styrkja sig í starfi og nema nýjungar á starfssviði setursins.

Starfsmennt kemur afar vel undan ári breytinga í sí- og endurmenntun þar sem bæði nýtt regluverk um framhaldsfræðslu komst á laggirnar og breytingar áttu sér stað á þátttöku í stofnanatengdu námi þar sem sumir starfshópar drógu sig í hlé en aðrir komu inn af fullum krafti. Starfsmennt sýndi nauðsynlegan sveigjanleika til að koma til móts við breyttar þarfir og aðstæður með nýjum námsúrræðum og ráðgjöf sem var afar vel tekið. Þá stórefldi Starfsmennt samstarf sitt úr á við með fleiri samstarfssamningum og samráði við alla þá sem koma að fullorðins- og framhaldsfræðslu. Öflug kynning á mikilvægi sí- og endurmenntunar á tímum niðurskurðar fór fram og ágætlega náðist að virkja nýja hópa til náms. Mikilvægt er að þróa áfram stofnananám og starfsþróunarleiðir þar sem starfsfólk hefur yfirsýn yfir fræðslu vinnustaðar til lengri tíma. Í þeirri samvinnu sem og í samstarfi allra fræðsluaðila, skipta góðar hæfnislýsingar starfa miklu máli en þær þætta saman fræðsluþörf, uppsetningu náms og mat á raunfærni. Einnig er brýnt að taka þátt í þróun samhæfðra námseininga sem nýtast einstaklingum hvar sem nám er stundað að uppfylltum gæðakröfum. Starfsmennt getur verið leiðandi á því sviði þar sem sérfræðiþekking setursins og reynsla að uppsetningu náms fyrir opinbera starfsmenn og mannauðsþjónustu við stofnanir til margra ára nýtist vel.

Fjármögnun og rekstur

Útgjöld ársins 2010 jukust um 12% á milli ára og voru kr. 100.645.116. Tekjur og sértekjur hækkuðu lítillega en nýtt fjármagn kom inn frá Fræðslumiðstöð atvinnulífsins til að sinna náms- og starfsráðgjöf. Ekki voru öll verkefni gangsett á árinu en þó var óskað eftir áætluðum framlögum frá þróunar- og símenntunarsjóðum annarsvegar SFR og hinsvegar bæjarstarfsmannafélaga hjá ríkinu. Starfsemin einkenndist oft af óvissu um afdrif ýmissa námsleiða og var námi stundum slegið á frest á síðustu stundu. Rekstrarafgangur ársins var kr. 13.094.013 og hrein eign í árslok var kr. 43.396.433.

Árið var það umfangsmesta í rekstri hingað til og unnið var að mörgum nýjum verkefnum. Setrið sýndi að það býr yfir nægjanlegum sveigjanleika til að sækja á ný mið og þróa og kynna mikilvægar áherslur í símenntun, starfsþróun og ráðgjöf fyrir opinbera starfsmenn. Hlutfallsleg skipting rekstrargjalda er svipuð á milli ára eins og sjá má í töflu hér fyrir neðan en þar má sjá að hlutur náms og þjónustu af heildarútgjöldum sækir í sig veðrið á árinu:

| Hlutfallsleg skipting rekstrargjalda | 2010 | 2009 | 2008 | 2007 | 2006 |
|--------------------------------------|-------------|-------------|-------------|-------------|-------------|
| Launakostnaður | 21% | 23% | 22% | 18.5% | 17% |
| Annar rekstrarkostnaður | 15% | 17% | 14% | 14.6% | 22% |
| Nám og þjónusta | 64% | 60% | 64% | 66.9% | 61% |
| Alls | 100% | 100% | 100% | 100% | 100% |

Hlutfall framlaga og sértekna setursins má sjá á neðangreindri töflu ásamt samanburðartölum síðustu ára:

| Hlutfallslegar rekstrartekjur setursins | 2010 | 2009 | 2008 | 2007 | 2006 | 2005 |
|---|-------------|-------------|-------------|-------------|-------------|-------------|
| Framlög skv. skilagreinum frá stofnunum | 49% | 53,2% | 65,3% | 53,5% | 62,5% | 62,6% |
| Þróunar- og símenntunarsjóður SFR | 33% | 33,2% | 28% | 38,5% | 27,8% | 29,4% |
| Þróunar- og símenntunarsjóður bæjarstarfsmannafélaga hjá ríkinu | 4% | 3,1% | 4% | 3,3% | 3,7% | 3,7% |
| Námskeiðsgjöld og styrkir | 10% | 10,5% | 2,7% | 4,7% | 6% | 4,3% |
| Framlög úr Fræðslusjóði | 4% | - | - | - | - | - |
| Alls | 100% | 100% | 100% | 100% | 100% | 100% |

Stjórnun Starfsmenntar

Stjórn setursins var óbreytt á árinu en hún er skipuð tveimur fulltrúum frá annarsvegar stéttarfélagunum og hinsvegar frá stjórnendum og fjármálaráðuneyti.

Aðalmenn:

- Árni Stefán Jónsson formaður (SFR – stéttarfélag í almannapjónustu)
- Guðmundur H. Guðmundsson varaformaður (Starfsmannaskrifstofa fjármálaráðuneytisins)
- Arna Jakobína Björnsdóttir (KJÖLUR – stéttarfélag starfsmanna í almannapjónustu)
- Ásgeir M. Kristinsson (Mannauðssvið Landspítala – tilnefndur af fjármálaráðuneyti)

Varamenn:

- Jóhanna Þórdórsdóttir (SFR – stéttarfélag í almannapjónustu)
- Ásta Lára Leósdóttir (Starfsmannaskrifstofa fjármálaráðuneytisins)
- Þórveig Þormóðsdóttir (Félag starfsmanna stjórnarráðsins)
- Sverrir Jónsson (Starfsmannaskrifstofa fjármálaráðuneytisins)

Framkvæmdastjóri var Hulda Anna Arnljótsdóttir.

Stjórnin hélt 7 fundi á árinu og þar af tvo með varastjórn. Ársfundur var haldinn 20. maí þar sem Hinrik Jóhannesson vinnusálfræðingur hjá Capacent fjallaði um hæfnisgreiningu starfa út frá danskri fyrirmynd og að erindi hans loknu tóku við hefðbundin störf ársfundar. Annar sameiginlegur fundur var haldinn 16. des. og var Björg Pétursdóttir, sérfræðingur á skrifstofu menntamála í Mennta- og menningarmálaráðuneytinu fyrirlesari fundarins. Hún fjallaði um stöðu og þróun nýrra hæfnisviðmiða, þrepa, lærdómsviðmiða og lykilhugtaka á framhaldsskólastigi og rætt var um snertifleti nýrra framhaldsskólalaga frá 2008 við fræðslusetur aðila vinnumarkaðar.

Skoðunarmenn ársreikninga fyrir aðila setursins voru þær Ása Clausen og Guðný E. Leifsdóttir.

Löggiltir endurskoðendur voru frá endurskoðunarskrifstofunni Ernst & Young.

Samstarfsaðilar

Aðildarfélög að Starfsmennt eru nú 20 félög ríkisstarfsmanna innan BSRB en auk þess hefur setrið gert sérstaka samstarfssamninga við tvo Mannauðssjóði bæjarstarfsmanna annarsvegar KJÖL-stéttarfélag starfsmanna í almannaþjónustu og hinsvegar á árinu 2010 við Mannauðssjóð Samflotsins. Þá var einnig gerður samstarfssamningur á árinu við tvo fræðslusjóði Starfsgreinasambandsins; Ríkismennt og Sveitamennt. Með þessum samningum er aðgangur í starfstengt nám greiðari fyrir alla opinbera starfsmenn þvert á stéttarfélög og markhópur Starfsmenntar stækkar til muna. Starfsmannafélög Kópavogs og Garðabæjar funduðu einnig um mögulegt samstarf en ákveðið var að tengja það komandi kjarasamningsviðræðum. Öll aðildarfélög Starfsmenntar fá sendar fundargerðir stjórnar og kynningarefni og var boðað til sameiginlegs fundar Starfsmenntar og félaganna í október til að ræða ársskýrslu og kynna ársreikninga ásamt því að ræða þróun og horfur í símenntun á vinnumarkaði. Þá stendur Starfsmennt fyrir kynningum á setrinu þegar að eftir því er kallað af einstaka félögum og samstarfsaðilum.

Starfsmennt á í víðtæku samstarfi við fræðsluaðila, kennara og sérfræðinga um allt land og leggur áherslu á faglegt samstarf á sviði símenntunar. Starfsmennt vinnur einnig með stofnunum og sérfræðingum að þróun nýjunga á þessu sviði og tekur þátt í stefnumótandi verkefnum. Starfsmennt hannar nám og fær í flestum tilfellum aðra fræðsluaðila til að sjá um framkvæmd þess. Gerðir voru samstarfssamningar um framkvæmd kennslu og þjálfunar við marga aðila en kynning og skráning í nám er á vegum Starfsmenntar, sem einnig metur hvernig til hafi tekist. Árið 2010 færðist í vöxt að halda námskeið inni á vinnustöðum og efla á þann hátt námsumhverfi og lærdómsmenningu stofnana. Starfsmennt sendir öllum samstarfsaðilum veffréttabréf og námsvísa og tryggir þannig að fræðsluhaldarar um allt land geti fylgst með starfinu. Helstu samstarfsaðilar sem tóku að sér framkvæmd náms má sjá hér en Starfsmennt gerir einnig samninga við fjölda verktaka og sérfræðinga sem mynda mun stærra samstarfs- og tengslanet.

| Framkvæmdaraðilar náms á vegum Starfsmenntar | |
|---|---|
| Borgarholtsskóli BSRB húsið Endurmenntun Háskóla Íslands Farskólinn - miðstöð símenntunar á NV Framhaldsskólinn á Húsavík Framvegis ehf. Fræðslunet Suðurlands Fræðslumiðstöð Vestfjarða Enskuskólinn Fjölbrautaskólinn við Ármúla | Gerum betur ehf. Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum Menntaskólinn í Kópavogi Mímir símenntun ehf. Námsflokkar Hafnarfjarðar Símenntunarmiðstöð Eyjafjarðar Símenntun Háskólans á Akureyri Símenntunarmiðstöð Vesturlands ORB tölvuskólinn ehf. Þekkingarmiðlun ehf. Þekkingarnet Austurlands |

Starfsmannahald og starfsþróun

Þrjú stöðugildi voru hjá Starfsmennt í upphafi árs en í lok þess voru þau orðin fjögur. Auk þess er margskonar stoðþjónusta aðkeypt. Setrið hefur því vaxið jafnt og þétt vegna aukinna verkefna og vaxandi áherslu á starfstengda símenntun. Mikið líf var í starfsmannamálum árið 2010 en Guðbjörg Sigurðardóttir fór í fæðingarorlof í maí og Bergþóra Hrönn Guðjónsdóttir var ráðin í hennar stað um haustið. Björg Valsdóttir verkefnastjóri hélt utan um rafræna umsýslu náms og var gerð að skrifstofustjóra í lok ársins. Þá störfuðu 4 náms- og starfsráðgjafar sem verktakar hjá setrinu og tóku viðtöl á skrifstofunni. Þau Björn Hafberg og Guðrún Sederholm báru hitann og þungann af viðtölunum með stuðningi frá Sigrúnu Toby Herman og Marín Jónasdóttir. Allir þessi ráðgjafar hafa réttindi til að starfa sem slíkir og bæði langa starfsreynslu og þekkingu á heimi starfa sem nýtist vel í

ráðgjöf við fullorðna. Undir lok ársins var auglýst ný staða mannauðsráðgjafa til að efla sérsniðna þjónustu við stofnanir og var Lára S. Baldursdóttir ráðin til starfans. Starfsfólk, framkvæmdastjóri og stjórn sóttu ráðstefnur og námskeið innan lands og utan til að styrkja sig í starfi og nema nýjungar á starfssviði setursins. T.d. fóru 3 fulltrúar frá Starfsmennt á ráðstefnu norrænu ráðherranefndarinnar um „Hvatningu í ævilangri menntun“ til Kaupmannahafnar í júníbyrjun. Starfskonur Starfsmenntar tóku þátt í fjarkenndum tölvunámskeiðum setursins og sóttu annað nám, fundi og ráðstefnur sem tengdust verkefnum þeirra. Björg Valsdóttir tók þátt í 2ja daga námskeiði um raunfærnimat og sat ráðstefnur um fötlunarfræði og yfirfærslu þess málaflokks til sveitarfélaga. Þá sótti framkvæmdastjóri marga morgunverðafundi Félags forstöðumanna um margvísleg stjórnunarmálefni í ljósi niðurskurðar og breytinga innan ríkisstofnana. Starfsmennt leggur áherslu á að uppfæra þekkingu og framtíðarhæfni starfsfólks og stjórnar með þátttöku á úrvals ráðstefnum og námi og auka þannig getu setursins til að takast á við ný verkefni og innleiða nýjar áherslur í símenntun.

Heimasíða, útgáfur og kynningarstarf

Starfsmennt hefur unnið markvisst að því að kynna starfsemi setursins með vönduðu kynningarefni sem ætlað er að miðla fagmennsku í símenntun og efla vitund fólks um mikilvægi málaflokksins. Setrið gefur því út námskeiðsbæklinga tvisvar á ári þar sem allt námsframboð setursins er tíundað og er upplagið 9000 eintök sem dreift er til félagsmanna aðildarfélaganna, stofnana, sveitarfélaga og allra samstarfsaðila setursins. Starfsmennt sendir einnig út mánaðarlega veffréttabréf þar sem sagt er frá því helsta sem er á döfinni. Veffréttabréfið er hluti af sérhönnuðu vefkerfi Starfsmenntar þar sem auðvelt er að tengja í bakskjöl og inn á skráningarsíður náms og hefur þessi framsetning gefist vel. Starfsmennt nálgast einnig markhóp sinn með útsendingarlistum stofnana og starfsgreina, í nám sem eingöngu er ætlað ákveðnum vinnustöðum. Samkvæmt könnun sem gerð var á heimasíðu setursins kom í ljós að 70% þátttakenda telja að rafrænar kynningar nýtist best og ná tilgangi sínum.

Ársskýrsla setursins var einnig gefin út og dreift til allra aðildarfélaga og rafrænt til annarra samstarfsaðila. Þá var fjöldi greina skrifaður í félagstíðindi stéttarfélaga innan BSRB. Framkvæmdastjóri ritaði t.a.m. grein í Gátt- ársrit um fullorðsinfræðslu um Ráðgjafa að láni og kynnti starfsemina víða s.s. í öðrum prentmiðlum, í skólum, fyrir erlenda hópa og á ráðstefnum. Þá tók Starfsmennt þátt í samvinnu á sviði símenntunar s.s. um vaxandi atvinnuleysi, þróun náms- og starfsráðgjafar og samstarfs vegna nýrra framhaldsfræðslulaga.

Endurbætur og uppfærslur á vefkerfi og heimasíðu Starfsmenntar er viðvarandi verkefni. Sjónum var þó aðallega beint að uppfærslu gagnagrunna og aðgangskerfa vegna aukinnar þátttöku stéttarfélaga bæjarstarfsmanna sem samið hefur verið við sérstaklega. Sett var upp samstarfsverkefni við DK hugbúnað um að sérhanna aðgangskerfi fyrir Starfsmennt úr frá gagnagrunni BSRB og vefþjónusta eflid. Vel hefur tekist til með útgáfur og kynningarmál Starfsmenntar á árinu sem meðal annars sést á auknum áhuga nemenda utan raða Starfsmenntar í nám setursins en leita þarf leiða til að ná enn betur til fleiri félagsmanna í gegnum stéttarfélögin. Þá virðist sem þeir stjórnendur sem uppgötvað hafa Starfsmennt nýti sér þjónustuna oftast en einu sinni en stór hópur stjórnenda ríkisstofnana leitar ekki til setursins þrátt fyrir kynningarstarfið og markpósta beint til þeirra.

Nám og þjónusta

Aðsókn í nám og þjónustu setursins var með miklum ágætum á árinu og augljóst að námsframboð og þjónusta setursins hefur svarað ólíkum fræðsluþörfum og mætt aðkallandi áskorunum. Góð nýting náms og aukin þátttaka þeirra sem standa utan aðildar að Starfsmennt bendir til þess að þjónusta setursins henti breiðum hópi notenda. Námi og þjónustu setursins má skipta í fjóra flokka eftir umfangi og útgjöldum og hefur hlutur starfstengdra námsleiða, sem ætlaður er stofnunum eða einstaka starfsgreinum, alltaf verið þeirra stærstur. Svo er einnig nú og eykst hlutur starfstengdra

námsleiða úr 52% á árinu 2009 í 61% árið 2010. Svo virðist sem að stofnananám sé því að rétta úr kútnum eftir efnahagshrunið og ná fyrri styrk, en árið 2009 minnkaði hlutur þess töluvert miðað við árin á undan. Hlutfall annarra þjónustuliða minnkar lítillega á milli ára til samræmis við aukningu starfstengdu námsleiðanna eða þannig að almenn þverfagleg námskeið sem opin eru öllum er 22% af útgjöldum þjónustuliða, fjarkennt tölvunám dregst saman úr 12% í 9% á árinu og mannauðsþjónusta við stofnanir um 2% og er 8% af heildarútgjöldum þjónustuliða.




Skráningum í nám á vef Starfsmenntar fjölgaði mikið á milli ára eða um 62% og voru þær 3.496 sem er svipað og árið 2008. Sú tala er þó ekki tæmandi fyrir þátttöku í nám því margir skrá sig beint hjá framhaldsskólum. Um 1600 einstaklingar standa að baki þessum skráningum og því ljóst að margir skrá sig oft en einu sinni og jafnvel tvisvar í nám á vegum Starfsmenntar. Skráningar í nám á vefnum eru notaðar sem viðmiðunarmælikvarði milli ára á umfangi þjónustunnar þar sem rafræn umsýsla í kringum hverja skráningu er umtalsverð og stór hluti af nemendabókhalda setursins og margskonar þjónustu við nemendur tengist skráningarkerfinu. Fjöldi námskeiða sem var í boði á árinu um allt land var um 180 sem er einnig töluverð aukning frá fyrra ári þar sem boðið var upp á 140 námskeið.

Starfsmennt þróaði margar námsleiðir á árinu og tók þátt í ýmsum samstarfsverkefnum en setrið leggur áherslu á að öll þekking sem til verður innan verkefna geti yfirfærst yfir á skyld svið. Þannig var búin til ný og endurbætt námsleið fyrir fangaverði sem var viðbót við fyrra nám. Einnig var unnið að hæfnigreiningu starfa starfsfólks á flugvöllum og komið með tillögur að starfstengdum námsleiðum fyrir fjölda starfshópa sem þar vinna. Þá var unnið með Mannauðssviði Landspítala háskólasjúkrahúss að greiningu fræðsluþarfar fyrir öryggisverði, sjúkraflutningamenn og vaktmenn og nýttust niðurstöður þeirrar vinnu í þróun hæfnisviðmiða starfa á félags- og heilbrigðissviði. Framhaldsnám félagsliða var áfram þróað og stækkað í samstarfi við Borgarholtsskóla og sótt um styrki í

samkeppnissjóði til að vinna að sérverkefnum. Launaskólinn fór á fulla ferð á árinu ásamt ráðgjöf og þjónustu við atvinnleitendur innan BSRB.

Allt nám Starfsmenntar er félagsmönnum aðildarféлага að kostnaðarlausu og í mörgum tilfellum opið öðrum sem þá greiða gjald. Mikil aukning varð á árinu í þátttöku nemenda utan raða Starfsmenntar en hlutfallslega þátttöku félagsmanna innan aðildarféлага má sjá á næstu töflu. Ljóst er að vel hefur náðst að kynna starfið meðal stærsta félagsins SFR, en þátttaka félagsmanna innan annarra aðildarféлага er lík fyrra ári þó þannig að félagsmenn innan Samflotsins taka meiri þátt en áður enda aðgangur þeirra greiðari með samstarfssamningi við Mannauðssjóð þeirra. Hlutfall utanfélagsmanna eykst einnig milli ára og telst nú vera 20% af skráningum en helmingur þeirra tilheyrir BHM.



Starfstengdar námsleiðir

Starfsmennt býður stofnunum og starfshópum upp á sérsniðnar starfstengdar námsleiðir þar sem bæði er gætt að fagmennsku og sveigjanleika. Námsleiðir Starfsmenntar mynda heildarnámskerfi stofnana eða faghópa og geta verið 40 – 240 stundir. Náminu er ýmist skipt upp í sjálfstæð námskeið eða sérhæfðar námslotur sem starfsmenn velja úr í samræmi við eigin fræðsluþarfir og framtíðarsýn stofnana. Stýrihópar starfa innan námsleiðanna og eiga þar sæti jafnmargir starfsmenn og stjórnendur. Stýrihóparnir ráða hraða, framboði og fyrirkomulagi náms. Þeir geta einnig breytt áherslum og inntaki námsins ef breytingar verða á starfsumhverfi og tryggt þannig að nám úreldist ekki. Námsleiðir Starfsmenntar eru í senn einstaklingsmiðaðar og sameiginlegar öllum starfsmönnum tiltekinna stofnana sem þeirra símenntunarkerfi. Þær ríma við starfsmarkmið stofnana og eru rauði þráðurinn í fræðslustarfi þeirra. Starfsfólk hefur því yfirsýn yfir símenntunarkerfi stofnunar í heild

sinni en ferðast um það á sinn einstaka hátt. Vefkerfi Starfsmenntar er nýtt við skráningar, samskipti, miðlun námsgagna og við útskrift, en nám er ýmist haldið hjá fræðsluaðilum, skólum, á vinnustöðum eða á vegum Starfsmenntar í BSRB húsinu.

Á vettvangi- námsleið fyrir lækningaritara

Lítill þátttaka var hjá lækningaritum á námskeið á þessu ári og má rekja ástæðu þess til álags á vinnustöðum. Stýrihópur námsins hittist tvisvar á árinu en í honum eiga sæti auk Starfsmenntar, fulltrúar fagfélagsins og frá Landspítalanum. Eitt 20 stunda námskeið var haldið á vorönn og fjallaði það um Trúnað og miðlun upplýsinga og skráðu 22 sig til leiks. Á árinu var unnið í rýnihópum að greiningu fræðsluþarfa og settar fram tillögur að tveimur nýjum námslotum fyrir næsta starfsár.

Áfengis- og vímuefnaráðgjafar

Starfsmennt bauð upp á starfstengt nám fyrir áfengis- og vímuefnaráðgjafa í samstarfi við SÁÁ á árinu og var boðið upp á 40 stunda kennslulotu um Lyfjafræði vímuefna sem 20 starfsmenn tóku þátt í.

Brúarnám fyrir verðandi félagsliða

Starfsmennt hefur boðið upp á brúarnám fyrir verðandi félagsliða í samstarfi við Borgarholtsskóla í nokkur ár og nýlega einnig í samstarfi við símenntunarmiðstöðvar. Góð aðsókn hefur verið í brúna þar sem starfsreynsla og þátttaka í starfstengdum námskeiðum er metin til eininga og þar með stýttist hefðbundið félagsliðanám talsvert. Brúarnámið í Borgarholtsskóla er kennt bæði staðbundið og í dreifnámi. Að þessu sinni tóku 19 þátt í staðbundnu námi hjá skólanum á vorönn og 19 á haustönn. Í dreifnámi voru þátttakendur 20 á vorönn en 19 á haustönn. Þá stunduðu 11 manns nám hjá Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum og 3 hjá Mími símenntun á vorönn en 5 um haustið.

Brúarnám fyrir verðandi heilbrigðisritara

Starfsmennt hefur verið í samstarfi við Fjölbrotaskólann við Ármúla vegna brúarnáms verðandi heilbrigðisritara og hófu 4 nemendur nám á vorönn og 7 á haustönn. Um er að ræða 35 eininga nám sem staðið hefur starfandi heilbrigðisriturum til boða í samstarfi við Þróunar- og símenntunarsjóð SFR. Aðsókn hefur lítillega minnkað frá fyrra ári en nýverið var námið stækkað töluvert eða úr 20 einingum í 35 og inntökuskilyrði hert.

Félagsliðar

Mikið var unnið með félagsliðum á árinu m.a. að því að búa til námsbraut í framhaldsnámi félagsliða í samstarfi við Borgarholtsskóla. Unnið var í rýnihópi með félagsliðum sem starfa á ólíkum vinnustöðum til að greina mismunandi fræðsluþarfir þeirra. Einnig voru haldin 3 námskeið fyrir félagsliða í Reykjavík, á Akureyri, á Egilsstöðum, Hornafirði, Húsavík, Ísafirði og á Sauðárkróki. Aðsókn var afar góð á öllum stöðum. Námskeiðin voru haldin í samstarfi við Ríkismennt sem styrkti þátttöku utanfélagsmanna. Um var að ræða 4 stunda námskeið um Ótilhlýðilega háttsemi á vinnustað þar sem 119 voru skráðir, Viðbrögð við áföllum á vinnustað þar voru 117 skráðir og Vinnugildi og siðfræði starfs þar sem 116 skráðu sig til leiks.

Flugstöðvarnám –nám og þjónusta fyrir starfsfólk á flugvöllum

Starfsmennt starfaði með Isavia ohf. á árinu og kom að tveimur verkefnum með þeim. Annarsvegar var boðið upp á námskeið sem haldin voru á Keflavíkur- og Reykjavíkurflugvelli og hinsvegar fékk fyrirtækið Ráðgjafa að láni til að vinna að þarfagreiningu þjálfunar og náms. Unnið var í rýnihópum á rekstrarsviði, flugvallarþjónustudeild, friðhöfn, flugvernd, skrifstofu- og fjármálasviði og með stjórnendum. Gerð voru drög að hæfnislýsingum allra þessara starfa. Þá voru lagðar fram 57 námskeiðstillögur fyrir mismunandi starfshópa. Um 260 manns sóttu 5 námskeið sem alls voru 50 klukkutímar þar sem fjallað var um Starfsmannasamtöl, Sjálfstraust og sjálfsöryggi, Að takast á við erfiða viðskiptavini og Þjónustu.

Heilsa – námsleið fyrir starfsfólk á heilbrigðisviði

Heilsa er námsleið sem hönnuð var í samstarfi við Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins og heilbrigðisstofnanir á landsbyggðinni. Að þessu sinni var boðið upp á 8 stunda námskeið fyrir 55 manns hjá Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins sem nefndist Lækningin hefst í móttökunni.

Hæfni – námsleið fyrir heilbrigðisritara

Á árinu var boðið upp á eina 20 stunda námslotu fyrir heilbrigðisritara þar sem fjallað var um Skipulag og utanumhald viðburða sem 20 heilbrigðisritarar sóttu. Námið var hannað með stýrihópi sem í áttu sæti Félag heilbrigðisritara, skrifstofa mannauðsmála Landspítalans, Starfsmennt og Fjölbrautaskólinn í Ármúla.

Járnsíða- námsleið fyrir starfsfólk sýslumannsembætta

Þátttaka í námi innan Járnsíðu var engin á þessu ári en stýrihópurinn hittist þó tvisvar til að fara yfir stöðuna. Boðið var upp á nám í Breytingastjórnun í mars en því var frestað fram á haust þegar þátttaka reyndist ekki næg. Ástæða fyrir lítilli þátttöku þetta árið er að öflug fræðsla hefur farið fram síðastliðin ár og ekki hefur verið mikið um nýliðun í starfi. Einnig hefur álag aukist mikið í kjölfar efnahagshrunsins og erfitt hefur verið að yfirgefa starfsstöðvar á vinnutíma.

Launaskólinn – nám fyrir launafulltrúa hjá ríki og bæ

Launaskólinn er nýtt nám fyrir launafulltrúa og þá sem koma að starfsmanna- og kjaramálum hjá ríki og bæ. Námsleiðin er alls 84 stundir og er skipt í fjögur þemu sem hvert um sig er um 20 stundir. Námið var þróað í samstarfi Starfsmenntar við Samband íslenskra sveitarfélaga, fjármálaráðuneytið og viðkomandi stéttarfélag og stýrihópur stofnaður sem setti nokkra vinnuhópa á laggirnar sem bjuggu til námsefni og útfærðu áherslur í kennslu. Fyrsta þemað var kennt í febrúar 2010 og er skemmt frá því að segja að viðtökurnar hafa verið afar góðar og öll námskeið þétt setin. Oftast er kennt í Reykjavík og nemendur styrktir með ferða- og dvalarkostnaði en stefnt er að því að fara með skólann í alla landshluta þar sem þátttakan er næg. Á árinu 2010 voru haldin námskeið í Reykjavík, á Ísafirði og á Akureyri og fjarkennt til Vestmannaeyja og Búðardals. Skráningar í þema I (Opinber vinnumarkaður, ráðning, starfslok og starfsskyldur) voru 256 á vor- og haustönn, í þema II sem fjallaði um Vinnutíma og afgreiðslu launa voru skráningar 276. Skráningar í þema III þar sem rætt var um Fjarveru frá vinnu voru 153 og síðasta þemað um Mannauð og hæfni var einungis kennt einu sinni með 36 þátttakendum. Aðsóknin var því framfar öllum vonum og ekkert lát á henni þar sem fleiri hópar vilja kynna sér málefni, verklag og hugtakanotkun innan launavinnslu.

Skil – námsleið fyrir starfsmenn á innheimtusviði tollstjóra

Þessi námsleið var þróuð árið 2009 af hópi starfsmanna tollstjóra og Starfsmenntar með fulltingi Ráðgjafa að láni og var markmið námsins að auka hæfni, gæði samskipta og þjónustu starfsmanna embættisins. Kennt var hjá embættinu á morgnana tvisvar í viku á vor- og haustönn fyrir 12 manna hóp. Námsleiðin er alls 228 klukkustundir, sem skiptist í tvo efnislega kjarna, verklegt nám og val og voru kenndir 8 námsþættir úr kjarna á árinu.

Skrifstofubraut I og II

Starfsmennt býður upp á skrifstofubraut bæði í fjarnámi og staðbundnu námi fyrir þann stóra hóp sem vinnur fjölbreytt skrifstofustörf. Námið er í samstarfi við Menntaskólann í Kópavogi og er ætlað að efla almenna og sérhæfða færni í íslensku, ensku, bókhaldi, rekstri og skipulagi verkefna. Boðið var upp á nám á Skrifstofubraut I og II og raunfærnimat fyrir reynda starfsmenn. Námið fékk góðar móttökur hjá félagsmönnum en 10 manns hófu nám á 1. önn, 8 manns hófu nám á 2. önn og 9 manns fóru á 3. önn. Mörgum þótti námið um of bóklegt og bauð Starfsmennt því nemendum upp á náms-

og starfsráðgjöf og kennslu í námstækni til að létta þeim róðurinn. Á Skrifstofubraut II byrjuðu 3 nemendur og 1 var í staðbundnu námi.

Starfsnám stuðningsfulltrúa – grunnur og framhald

Hér er um að ræða tvær stórar námsleiðir sem Starfsmennt býður upp á og hefur Framvegis séð um framkvæmdina á annarsvegar 160 stunda grunnnámi og hinsvegar 80 stunda framhaldsnámi. Á árinu 2010 var mjög góð þátttaka í báðum námsleiðunum og samstarfsverkefni sett upp með Vinnumálastofnun til að greiða leið atvinnuleitenda í námið. Alls skráðu 108 sig í grunnnámið þar af 17 í fjarnám á Ísafirði og 47 í framhaldsnámið þar af 6 í fjarnám á Ísafirði. Þetta starfsnám er vel þekkt innan félags- og heilbrigðisgeirans og sýnir sá fjöldi sem sækir námið hve það er mikils metið af atvinnulífínu. Ástæðan fyrir óvenju góðri þátttöku á árinu má einnig rekja til þess að haldin voru tvö grunnnámskeið á vor- og haustönn og eitt vel sótt framhaldsnámskeið um vor og haust.

Tryggingastofnun ríkisins

Starfsmennt hefur haldið utan um starfstengda fræðslu í samstarfi við Tryggingastofnun í nokkur ár og á árinu 2010 var boðið upp á fjölda námskeiða fyrir starfsfólk og einnig óskaði stofnunin eftir aðkomu Ráðgjafa að láni. Tryggingastofnun hefur nýtt sér farandfyrirlestra og á árinu og kallað eftir sérnsniðnum námskeiðum t.d. fyrir stjórnendur. Boðið var upp á eftirtalda námskeiðstitla sem allir voru mjög vel sóttir: Að takast á við erfiða einstaklinga, Framkoma og tjáning, Tímastjórnun, Viðbrögð við áföllum á vinnustað, Viðtalstækni fyrir stjórnendur, Vinnupersónuleikar, Hollusta og heilbrigði og Þjónustustjórnun sem t.d. 148 sóttu. Þá var starfsfólk hvatt til að nýta sér almenn námskeið og fjarkennd tölvunámskeið Starfsmenntar.

Vísdomur – námsleið fyrir starfsmenn héraðsdómstóla

Vísdomur hefur verið kenndur hjá héraðsdómstólum í tæp 2 ár og er einni yfirferð alls námsins lokið. Dómstólarnir hafa dregið verulega úr þátttöku vegna anna og á árinu voru haldin 2 vel sótt námskeið um Almenna lögfræði og réttarheimildir og Starfstengda íslensku. Stýrihópurinn hittist einu sinni á önn til að meta námið og ákveða framhaldið en í honum eiga sæti auk Starfsmenntar jafnt hlutfall starfsmanna og stjórnenda ásamt framkvæmdastjóra Dómstólaráðs.

Almenn námskeið og tölvunám

Almenn námskeið Starfsmenntar eru opin öllum þvert á stofnanir eða starfsgreinar. Hér má finna námskeið sem efla almenna starfshæfni og koma til móts við auknar kröfur sem gerðar eru til starfsmanna. Margskonar námskeið eru í boði um stjórnun, tungumál, eflingu sjálfstrausts sem grunn að góðum samskiptum eða sérhæft stjórnunarnám. Þá sóttu margir fjarkennd námskeið um tölvur og tölvunotkun en þar er kennt á helstu forrit og veitt grunnþjálfun í tölvutækni til að auðvelda starfsmönnum að takast á við flóknari aðgerðir.

Árangursrík kennsla og námsumhverfi á netinu

Starfsmennt býður einu sinni á ári upp á kennslufræðinámskeið fyrir leiðbeinendur til að kynna helstu áherslur í kennsluaðferðum og sérstöðu fullorðinsfræðslu. Námskeiðið var sótt af 14 þátttakendum sem ýmist kenna á námskeiðum Starfsmenntar, taka þátt í stýrihópum, hafa unnið sem ráðgjafar fyrir setrið eða koma frá félögum innan BSRB.

Enska fyrir atvinnulífið

Vaxandi eftirspurn hefur verið eftir hagnýtu og starfstengdu tungumálanámi sem eykur öryggi starfsfólks við að tjá sig og miðla upplýsingum til viðskiptavina. Enskunámskeiðin hafa verið einkar vel sótt frá því farið var af stað með þau árið 2007 og hafa þátttakendur getað valið þau útrá getustigi eða starfssviði. Enska fyrir atvinnulífið hefur verið í boði víða um land í samstarfi við símenntunarmiðstöðvar og stunduðu 26 manns 20-30 stunda nám um allt land og flestir á

höfuðborgarsvæðinu hjá Námsflokkum Hafnarfjarðar. Einnig var boðið upp á hagnýtt dönskunám sem 7 manns sóttu hjá Endurmenntun Háskóla Íslands.

Fjarkennt tölvunám

Eins og undanfarin ár bauð Starfsmennt upp á fjarkennt tölvunám. Markmið með tölvunáminu er að efla almennt tölvulæsi starfsmanna og gera þá þannig færari til að takast á við sérhæfðari verkefni og flóknari tölvuvinnslu. Sjö námskeið voru í boði á vorönn, Grunnám, sem er 80 stundir og svo framhaldsnámskeið í Outlook, PowerPoint, Myndvinnslu, Publisher, Word og Excel, 26 stundir hvert. Á haustönn var auk þess boðið upp á tvö ný námskeið, Fjár sjóðsleit Google og Hugarkort. Öll námskeiðin nutu mikilla vinsælda, en 387 einstaklingar skráðu sig til þátttöku á árinu. Þar af voru 91 á nýju námskeiðunum tveimur sem þó voru aðeins í boði á haustönninni.

Framrás og Rekspölur

Framrásarnámskeiðin skiptast í þrjú þemu, en í ár var einungis boðið upp á fyrsta námskeiðið Ég og starfið sem er 36 kennslustundir. Á námskeiðinu er fjallað um gæði samskipta og góðrar sjálfmyndar. Þátttaka var mun betri en á síðasta ári og voru 37 sem skráðu sig. *Rekspölur I og II* eru 60 stunda námskeið þar sem lögð áhersla á persónulega hæfni einstaklingsins, almenna þekkingu á innviðum samfélagsins og samspili einkalífs og starfs. Yfirleitt er boðið upp á hvort námskeið einu sinni á vetri, Rekspöl 1 að hausti og Rekspöl 2 að vori en í ár náðist einungis þátttaka í fyrra námið sem 19 sóttu.

Mannauðsstjórnun fyrir millistjórnendur hjá ríkinu

Þetta 32 stunda nám var sett upp til að gefa starfsfólki yfirsýn yfir uppbyggingu mannauðs og hæfni innan ríkisstofnana. Áhersla er lögð á skipulagningu og stjórnun starfsmannamála og að gefa yfirsýn yfir fræðasviðið sem og hagnýt verkfæri. Fyrst var boðið upp á námskeiðið haustið 2008 og hefur það ávallt verið vel sótt. Endurmenntun Háskóla Íslands hefur séð um framkvæmd á höfuðborgarsvæðinu en Símenntun Háskólans á Akureyri utan þess. Um 38 skráðu sig í námið Reykjavík 2010 en ekki náðist næg þátttaka utan höfuðborgarsvæðisins.

Nám fyrir starfsfólk í stjórnunareiningum

Þessi námsleið var hönnuð árið 2009 og var í fyrsta skipti í boði þá um haustið. Þetta er 52 stunda langt nám, ætlað samstarfsfólki stjórnenda sem þarf að búa yfir fjölbreyttri hæfni m.a. til að auðvelda framgang verkefna. Námið hefur fengið mjög góðar viðtökur og hefur nú verið haldið þrisvar í Reykjavík ásamt því að boðið hefur verið upp á fjarkennslu til staða víða um landið. 50 nemendur skráðu sig á námskeiðið á vorönn 2010, þar af 14 í Reykjavík, 12 á Akureyri og 11 á Húsavík. Á haustönn var heildarfjöldi skráðra nemenda minni, eða 24 og námið einungis haldið í Reykjavík.

Nýr vettvangur – breytt starf fyrir atvinnuleitendur

Starfsmennt býður þeim félagsmönnum innan BSRB sem misst hafa vinnuna upp á röð námskeiða til að viðhalda virkni og takast á við afleiðingar atvinnuleysis. Um er að ræða 16 sjálfstæð námskeið sem haldin eru í BSRB húsinu tvo morgna í viku báðar annirnar. Námskeiðaröðin var fyrst kennd á vorönninni en þátttaka jókst hröðum skrefum á haustönninni og var vel nýtt af atvinnuleitendum sem og þeim sem voru að takast á við breytingar í starfi. Markmiðið með námskeiðunum er að styrkja stöðu þátttakenda á vinnumarkaði með því að auka sjálfsþekkingu, starfshæfni og námsáhuga.

Talsmaður breytinga

Námskeiðið Talsmaður breytinga var kennt í fyrsta skipti haustið 2010 og skráðu 20 þátttakendur sig til leiks. Námið var einnig í boði á vorönn en ekki náðist næg þátttaka. Í þessu 76 stunda námi er fjallað um hlutverk þeirra sem koma að breytingum á vinnustað, mikilvægi virkrar þátttöku allra

hlutaðeigandi, miðlun lærdóms og eflingu námsumhverfis innan ríkisstofnana. Aðeins var boðið upp á námskeiðið í Reykjavík þetta árið og sá Endurmenntun Háskóla Íslands um framkvæmdina.

Verkefnastjórnun – vinnulag sem virkar

Boðið var upp á námskeiðið Verkefnastjórnun – vinnulag sem virkar, fimmta árið í röð. Námskeiðið er bæði kennt í fjar- og staðnámi. Á vorönn voru 21 skráðir í námið og á haustönn 39 en af þeim voru 50 í Reykjavík. Í náminu er farið yfir helstu aðferðir og tæki verkefnastjórnunar ásamt framkvæmdar-, verk- og kostnaðaráætlun. Þá er fjallað um kynningar- og markaðsstarf og mat á verkefnum. Kennt var hjá Endurmenntun Háskóla Íslands.

Þjónustustjórnun og fleiri minni námskeið

Þjónustustjórnunarnámskeiðin eru haldin í samstarfi við Gerum betur ehf og er annarsveggar um að ræða stutt fjarkennt námskeið og hinsvegar lengra staðbundið nám. Fjarkennda námskeiðið sátu 49 þátttakendur en þar er horft á 6 örmyndbönd og leyst heimaverkefni. 11 manns sóttu staðbundna námið sem er 20 stundir en það var einnig kennt sérsniðið innan margra stofnana. Þá voru haldin nokkur minni námskeið eins og um Starfsanda og samstarfsvilja, Að tjá sig án kvíða, Upplýsinga- og skjalastjórnun og Starfsmannasamtöl. Þessi minni námskeið sem voru opin öllum féllu sum niður á árinu en hlutar þeirra nýttust sem farandfyrirlestrar sem stofnanir kölluðu eftir.

Þjónusta við stofnanir

Starfsmennt veitir stofnunum fjölbreytta þjónustu til að greiða leið lærdóms á vinnustað og efla mannauð stofnana. Þessari þjónustu má skipta í fernt: Ráðgjafa að láni sem er sérsniðin mannauðsþjónusta, farandfyrirlestra sem stofnanir geta kallað eftir, einstaklingsmiðuð náms- og starfsráðgjöf og þróunarverkefni þar sem niðurstöður nýtast þvert á stofnanir. Þá greiðir setrið einnig leið félagsmanna aðildarfélaganna í nám með ferða- og dvalarstyrkum.

Ráðgjafi að láni

Verkefnið Ráðgjafi að láni hefur staðið stofnunum til boða á vegum Starfsmenntar í mörg ár og hafa verið sett upp um 80 verkefni í samstarfi við fjölda stofnana. Það er til marks um gæði þjónustunnar að algengt er að óskað sé eftir framhaldsvinnu ráðgjafans til að leggja enn betri grunn að markvissri mannauðsstjórnun. Einnig er um að ræða einstaklingsstuðning og handleiðslu til að takast á við álag og erfið mál. Helstu viðfangsefni ráðgjafanna eru margskonar vinnustaðargreiningar, greiningar á fræðsluþörfum, námslýsingar, hæfnislýsingar eða aðstoð við gerð starfsmanna-, jafnréttis- og heilsustefnu. Þá hefur ráðgjafinn einnig aðstoðað við innleiðingu starfsmannasamtala. Verkefni ráðgjafans eru öll á sviði mannauðsefningar og kostar Starfsmennt vinnuna að því gefnu að hún nýtist félagsmönnum aðildarfélaganna. Á árinu var unnið að eftirtöldum verkefnum:

Fangelsismálastofnun, fangelsin, SFR og Félag fangavarða: Skrifuð var ný námskrá um starfstengt nám fangavarða alls 160 stundir. Námsleiðin nefnist Áfangar II og er framhald af Áföngum I sem kennd var á vegum setursins til 2008.

Isavia ohf., SFR og Félag flugmálastarfsmanna: Unnið var að þarfagreiningu fræðslu og uppsetningu hæfnislýsinga fyrir 6 starfshópa. Einnig voru hæfniskröfur þessara starfa kortlögð og komið með tillögur að heildstæðri námsleið sem skiptist í almennt sameiginlegt nám fyrir alla starfsmenn á flugvöllum og sértæk fagnámskeið eftir starfssviðum.

Tryggingastofnun: Unnið var að mannauðsstefnu stofnunarinnar, gildin kortlögð, þjónustuvíddir ræddar og veitt handleiðsla og stuðningur til starfsfólks í framlínustörfum.

Héraðsdómstólar: Hæfnislýsingar starfa þróaðar svo auðveldara væri að mæta starfsskyldum og skipuleggja starfsþróun og símenntun. Skilgreind voru störf dómritara, dómvarða og móttökuritarar og vinnulagi síðar yfirfært á fleiri störf.

Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins: Unnið var að þróun hæfnislýsinga og lagður grunnur að því vinnulagi ásamt skipulagningu og þjálfun verklags í kringum símsvörun.

Félagliðar: Unnið var að hönnun starfstengdra námskeiða og framahaldsnáms fyrir félagliða í samstarfi við Borgarholtsskóla, SFR og Félag félagliða.

Landspítalinn: Unnið var með mannauðssviði spítalans að greiningu fræðsluþarfar fyrir öryggisverði, sjúkraflutningamenn, vaktmenn og símsvörun.

Náms- og starfsráðgjöf

Starfsmennt fór í samstarf við Vinnumálastofnun um að veita atvinnuleitendum stéttarfélag innan BSRB náms- og starfsráðgjöf sem hluta af skylduvirkni þeirra. Gengið var frá samningi árið 2009 og hófst ráðgjöfin strax í janúar 2010 með ráðningu náms- og starfsráðgjafa í tímabundið hlutastarf. Verklag var með þeim hætti að send voru út svokölluð boðunarbréf til atvinnuleitenda sem síðan mættu í náms- og starfsráðgjafaviðtal og þaðan í ýmis námssúrræði innan formlega eða óformlega skólakerfisins eða nýttu sér aðra þjónustu og tilvísanir. Haft var samband við alla ráðþega símlíðis og einnig veitt ráðgjöf í síma til þeirra atvinnuleitenda sem bjuggu utan höfuðborgarsvæðisins og höfðu ekki nýtt sér svæðisbundna ráðgjafþjónustu. Send voru út boðunarbréf og 185 viðtöl tekin á skrifstofu Starfsmenntar allt árið. Unnið var með 4 stéttarfélögum að verkefninu sem hlaut góðar undirtektir. Gætt var fyllsta trúnaðar um allar persónuupplýsingar og öll viðtöl metin. Hita og þunga af viðtölunum báru Björn Hafberg á vorönn og Guðrún H. Sederholm á haustönn en einnig komu Sigrún Toby Herman og Marín Jónasdóttir að verkefninu.

Helstu niðurstöður viðtalanna voru að flestir ráðþegar tóku þjónustunni vel og nýttu sér hana til að viðhalda og efla starfshæfni og þekkingu. Ríflega 1/3 viðmælenda nýtti sér löng eða stutt námskeið Starfsmenntar en einnig var vísað á framhaldsskóla, háskóla og aðra fræðsluaðila í samstarfi við Vinnumálastofnun. Áberandi var hvað margir ráðþegar voru í skertu starfshlutfalli og hve margir eldri en 50 ára töldu möguleika sína á endurkomu á vinnumarkað ekki góða. Þá þóttu erlendir starfsmenn líka standa illa að vígi. Á árinu var áhersla lögð á að bjóða atvinnuleitendum þjónustuna en um 20 manns komu að eigin frumkvæði og sumir oftár en einu sinni.

Farandfyrirlestrar

Starfsmennt býður upp á fjölbreytt úrval farandfyrirlestra þar sem ríkisstofnanir geta valið áhugavert viðfangsefni á tíma sem þeim hentar best. Farandfyrirlestrarir geta nýst vel á starfsdögum og fræðslufundum stofnana. Markmiðið er að efla símenntun og starfsþróun ríkisstarfsmanna með því að gefa þeim kost á utanaðkomandi sérfræðingum til að fjalla um það sem efst á baugi hverju sinni. Fræðslan getur nýst starfsfólki og stjórnendum á margan hátt. Hún getur verið þeim hvatning til að breyta og bæta, vakið upp spurningar eða skapað umræður og ný sjónarhorn. Með farandfyrirlestrunum vill Starfsmennt ýta undir þátttöku, samræðu og samstarf starfsfólks og stjórnenda um símenntun og starfsþróun og efla námsmenningu vinnustaða. Óskað var eftir eftirtöldum farandfyrirlestum á árinu en eftispurn eftir þeim ríflega tvöfaldaðist milli ára:

| Stofnun: | Heiti fyrirlestra: |
|---|-----------------------------------|
| Svæðiskrifstofa um málefni fatlaðra á Vestfjörðum | Efling liðsheildar og samskipti |
| Heilbrigðisstofnunin Fjallabyggð | Starfsmannasamtöl |
| Félagliðar og svæðiskrifstofur | Ótilhlýðileg háttsemi á vinnustað |

| | |
|--|---|
| | Viðbrögð við áföllum Vinnugildi og siðfræði starfs |
| Borgarbyggð | Breytingastjórnun |
| Heilsgæslan í Kópavogi | Tímastjórnun Ótilhlýðileg háttsemi á vinnustað Áhugasvið og starfsánægja Sambætting starfs og einkalífs Streita, álag og erfiðir eintaklingar |
| Skálatún | Áhrif sjálfsmats og samskipti í lífi og starfi Viðbrögð við áföllum |
| Svæðisskrifstofa um málefni fatlaðra á Austurlandi | Áhrif sjálfsmats á gæði samskipta |
| Sambýlið Jöklaseli | Efling liðsheildar og samskipti |
| Þjóðleikhúsið | Þjónustustjórnun |
| Svæðisskrifstofa um málefni fatlaðra á Selfossi | Líðan á tímum breytinga |
| Flensborg | Starfsmannasamtöl |
| Brunamálastofnun | Miðlun og framsetning upplýsinga |
| Grensás | Efling liðsheildar og vinna í teyllum Samskipti á kvennavinnustað Vellíðan á vinnustað |
| Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins | Hollusta og heilbrigði |
| Tryggingastofnun | Að efla liðsheild |
| Heilsugæslan Fáskrúðsfirði | Hvatning á tímum óvissu |

Þróunarverkefni

Unnið var að nokkrum þróunarverkefnum á árinu og sótt um styrki til sérverkefna. Farið var í samstarf við KJÖL-stéttarfélag starfsmanna í almannaðjónustu og Akureyrabæ um að greina fræðsluþarfir starfsmanna í íþróttamannvirkjum og byrjað að vinna drög að þeirri námskrá. Þá var sótt um styrki til Starfsmenntaráðs til að halda ráðstefnu um símenntunarkerfið fyrir þá sem sinna námsráðgjöf og upplýsingamiðlun til fullorðinna. Farið var í samstarf við fjölmarga fræðsluaðila og stofnanir til að undirbúa þann viðburð. Þá var settur upp tveggja daga Evrópuskóli fyrir fulltrúa BSRB sem koma að undirbúningi aðildarviðræðna og unnið með yfirstjórn BSRB að því að skoða möguleika á TAIEX styrkumsóknum og öðru evrópsku samstarfi. Þá var Fræðslusetrið Starfsmennt tilnefnt til gæðaverðlauna Menntaáætlunar ESB fyrir starfsmannaskiptaverkefni sitt sem stóð yfir í 2 ár og fólst í því að senda 19 sérfræðinga frá 10 lögaðilum til 5 landa í vikunámsferðir til að kynna sér nýjungar á sviði símenntunar. Allir þátttakendur tóku þátt í að kynna ávinning ferðanna bæði innan stýrihópa Starfsmenntar og á sínum starfsvettvangi. Niðurstöðurnar voru nýttar til að þróa starfstengdar námsleiðir hjá Starfsmennt eða innan framhaldsskóla og efla mannauðsþjónustu innan stofnana. Þá átti sér stað mikið frumkvöðlastarf við að setja á fót náms- og starfsráðgjöf fyrir atvinnuleitendur innan BSRB til að ýta undir þátttöku þeirra og virkni á sviðum náms og þjálfunar. Að lokum tók Starfsmennt þátt í þróun á innleiðingu laga um framhaldsfræðslu og stefnumótandi verkefna á sviði fullorðinsfræðslu og starfstengdrar símenntunar.

Lokaorð

Fræðslusetrið Starfsmennt hélt áfram að vaxa á árinu og styrkti stöðu sína sem veitandi náms og þjónustu til opinberra starfsmanna og stofnana. Árið 2010 er stærsta árið í sögu Starfsmenntar hvað varðar umfang þjónustunnar og fjölda verkefna enda var ákveðið undir lok ársins að fjölga stöðugildum. Innan setursins hefur byggst upp mikil þekking á sérstöðu starfa hjá ríkinu þar sem gildi fagmennsku, gæða og jafnræðis endurspeglast í símenntun og tryggt er að starfsmenn hafi aðgang að starfstengdu námi og uppfærslu þekkingar. Á þann hátt halda starfsmenn virði sínu á vinnumarkaði óháð menntun og hvaða störfum er sinnt og eiga betri möguleika á að takast á við ný og breytt verkefni. Ávinningur stofnana er aukin starfsánægja, hollusta og fagmennska ef vel tekst til. Öflugt fræðslustarf skiptir miklu máli þegar horft er til framtíðarhæfni starfa og þróun starfsumhverfis.

Setrið sýndi nauðsynlegan sveigjanleika á árinu og gat brugðist við breyttri stöðu með nýjum og framsæknum áherslum og verkefnum. Ný þjónusta var þróuð og nýtt nám gangsett ásamt úrræðum sem auðvelda eiga framsetningu í símenntun og starfsþróun þar sem markmið stofnana og hæfnisuppbygging starfsmanna ríma saman. Þróaðar voru aðferðir til að kortleggja hæfni starfa sem nýtast til að greina fræðsluþarfir, þróun starfa og raunfærni einstaklinga. Brýnt er þó að leita leiða til að ná enn betur eyrum stjórnenda og starfsmanna um mikilvægi símenntunar á álagstímum m.a. með vönduðu kynningarefni, vinnustaðarheimsóknum, mannauðsefningu og einstaklingsráðgjöf. Símenntun er samofin þróun starfa og þarf að vera sjálfsagður hluti þeirra. Til að auðvelda þátttöku í símenntun þurfa allir hagsmunaaðilar í fullorðinsfræðslu að leita leiða til að meta starfstengt nám til raunverulegra framhaldsskólalæininga þannig að öll reynsla og þekking nýtist og yfirfærast milli mismunandi kerfa. Samstarf um að greiða leið starfsfólks í nám eflidist á árinu m.a. með fleiri samstarfssamningum sem Starfsmennt gerði og aðkomu eigenda að Fræðslusjóði og framhaldsfræðslu.

Starfsmennt tók einnig þátt í stefnumótandi verkefnum á sviði fullorðinsfræðslu og nýtti kennslufræðilega þekkingu starfsmanna setursins til að endurhugsa fyrirkomulag og matsaðferðir í starfstengdri símenntun þar sem fjölbreyttar nálganir eiga að njóta sín. Í breiðu samstarfi allra sem málið varðar aukast líkur á faglegri uppbyggingu heildstæðs símenntunarkerfis sem kallast á við önnur skólastig, virðir sérstöðu og svarar ólíkum fræðsluþörfum. Margar aðrar nýjungar og áskoranir eru framundan um fjölbreyttara námsframboð, eflingu gæða og greiðari matsleiðir náms þar sem hagur einstaklinga, atvinnulífs og samfélags er í fyrirrúmi. Starfsmennt getur verið leiðandi á því sviði og hefur yfir að ráða bæði þekkingu og reynslu til að svara aðkallandi áskorunum um heildstæðari og sjálfsagðari starfstengda símenntun. Um það vitna þau fjölmörgu verk sem unnin voru á árinu, öflugt samstarfsnet, fagleg vinnubrögð og metnaðarfull framtíðarsýn setursins.

Skráningar á námskeið 2010

| Námskeið | Dagsetning | Skráning | Stundir |
|---|------------|----------|----------|
| Að tjá sig án kvíða | 17.3.2010 | 22 | 16 |
| Að tjá sig án kvíða - Akureyri | 8.3.2010 | 11 | 16 |
| Aukin hæfni-Skipulag og utanumhald viðburða (20 kst) | 3.2.2010 | 20 | 20 |
| Á vettvangi - Trúnaður og miðlun upplýsinga (20 kst) | 29.4.2010 | 24 | 20 |
| Áfengis-og vímuefnaráðgjafar -Kennslulota 2-Lyfjafraeði vímuefna | 21.10.2010 | 22 | 40 |
| Árangursrík kennsla | 18.2.2010 | 14 | 20 |
| Enska fyrir atvinnulífið - talmál - Borgarnes | 8.10.2010 | 1 | 24 |
| Enska fyrir atvinnulífið - talmál-Akureyri | 18.1.2010 | 4 | 20 |
| Enska fyrir atvinnulífið - talmál-Ísafjörður | 27.1.2010 | 3 | 24 |
| Enska fyrir atvinnulífið - talmál-Selfoss | 25.1.2010 | 7 | 24 |
| Enska fyrir atvinnulífið-Hafnarfjörður | 1.2.2010 | 11 | 16 |
| Evrópuskóli BSRB | 31.12.2010 | 7 | |
| Félagsliðabré Borgarholtsskóli staðbundið nám vor 2010 | | 19 | einingar |
| Félagsliðabré Borgarholtsskóli staðbundið nám haust 2010 | | 22 | einingar |
| Félagsliðabré Borgarholtsskóli - dreifnám vor 2010 | | 20 | einingar |
| Félagsliðabré Borgarholtsskóli - dreifnám haust 2010 | | 19 | einingar |
| Félagsliðabré - Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum vor 2010 | | 11 | einingar |
| Félagsliðabré - Mímir símenntun vor 2010 | | 3 | einingar |
| Félagsliðabré - Mímir símenntun haust 2010 | | 5 | einingar |
| Flensborg-Starfsmannasamtöl fyrir starfsmenn | 24.2.2010 | 21 | 4 |
| Framrás 1 - Ég og starfið | 12.4.2010 | 37 | 36 |
| Grensás - Efling liðsheildar og samskipti á kvennavinnustað | 13.10.2010 | 20 | 10 |
| Hagnýt danska | 12.4.2010 | 7 | 20 |
| Heilbrigðisritarabré vor 2010 | | 4 | einingar |
| Heilbrigðisritarabré haust 2010 | | 7 | einingar |
| Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins - Lækningin hefst í móttökunni | 6.12.2010 | 55 | 8 |
| Járnsíða - Breytingastjórnun | 25.3.2010 | 3 | 8 |
| Keflavíkurflugvöllur - Að takast á við erfiða viðskiptavini | 9.3.2010 | 66 | 3 |
| Keflavíkurflugvöllur - Sjálfstraust og sjálfsöryggi | 16.2.2010 | 76 | 3 |
| Keflavíkurflugvöllur- Starfsmannasamtöl | 23.2.2010 | 23 | 3 |
| Launaskólinn - Námsefni fyrir stýrihóp | 30.12.2010 | 14 | |
| Launaskólinn - Þema I - Opinber vinnumarkaður, ráðning, starfslok og starfsskyldur | 17.3.2010 | 13 | 22 |
| Launaskólinn - Þema I - Opinber vinnumarkaður, ráðning, starfslok og starfsskyldur | 13.9.2010 | 41 | 22 |
| Launaskólinn - Þema I - Opinber vinnumarkaður, ráðning, starfslok og starfsskyldur - Búðardalur, fjarsent | 20.9.2010 | 4 | 22 |
| Launaskólinn - Þema I - Opinber vinnumarkaður, ráðning, starfslok og starfsskyldur - Vestmannaeyjar, fjarsent | 13.9.2010 | 7 | 22 |
| Launaskólinn - Þema I - Opinber vinnumarkaður, ráðning, starfslok og starfsskyldur -Akureyri | 3.11.2010 | 23 | 22 |

| | | | |
|---|------------|----|----|
| Launaskólinn - Þema II - Vinnutími og afgreiðsla launa - Grunnnámskeið | 7.10.2010 | 73 | 16 |
| Launaskólinn - Þema II Starfsfólk skóla - sérstakir launaútreikningar - Valnámskeið | 15.10.2010 | 50 | 8 |
| Launaskólinn - Þema II Vaktavinna, bakvaktir og afbrigðilegur vinnutími - Valnámskeið | 14.10.2010 | 82 | 8 |
| Launaskólinn - Þema III - Fjarvera frá vinnu - launaðar fjarvistir | 11.11.2010 | 35 | 8 |
| Launaskólinn - Þema IV - Mannauður og hæfni | 8.12.2010 | 36 | 18 |
| Launaskólinn Þema III - Fjarvera frá vinnu - launaðar fjarvistir Vestmannaeyjar | 11.11.2010 | 7 | 14 |
| Launaskólinn: þema I - Íslenskur vinnumarkaður og sérstaða opinberra starfsmanna | 9.2.2010 | 56 | 6 |
| Launaskólinn: þema I - Réttindi og skyldur opinberra starfsmanna á vinnumarkaði | 9.3.2010 | 56 | 12 |
| Launaskólinn: þema I - Starfsskyldur, siðareglur og samfélagsleg ábyrgð | 12.2.2010 | 56 | 4 |
| Launaskólinn: þema III - Fæðingar- og foreldraorlof | 16.4.2010 | 37 | 2 |
| Launaskólinn: þema III - Orlof | 13.4.2010 | 40 | 6 |
| Launaskólinn: þema III - Óvinnufærni, veikindaréttur og slysatryggingar | 20.4.2010 | 41 | 6 |
| Nám fyrir starfsfólk í stjórnunareiningum | 11.10.2010 | 23 | 52 |
| Nám fyrir starfsfólk í stjórnunareiningum - Fjarnám - Akureyri | 1.3.2010 | 12 | 52 |
| Nám fyrir starfsfólk í stjórnunareiningum - Fjarnám Sauðárkróki | 11.10.2010 | 1 | 52 |
| Nám fyrir starfsfólk í stjórnunareiningum-Fjarnám - Ísafjörður | 1.3.2010 | 3 | 52 |
| Nám fyrir starfsfólk í stjórnunareiningum-Fjarnám Egilsstaðir | 1.3.2010 | 5 | 52 |
| Nám fyrir starfsfólk í stjórnunareiningum-Húsavík | 1.3.2010 | 11 | 52 |
| Nám fyrir starfsfólk í stjórnunareiningum-Hvammstangi | 1.3.2010 | 4 | 52 |
| Nám fyrir starfsfólk í stjórnunareiningum-NÝTT | 1.3.2010 | 14 | 52 |
| Nám fyrir starfsfólk í stjórnunareiningum-Vestmannaeyjar | 1.3.2010 | 1 | 52 |
| Nám í mannauðsstjórnun fyrir millistjórnendur hjá ríkinu | 6.5.2010 | 38 | 32 |
| Nám í mannauðsstjórnun fyrir millistjórnendur hjá ríkinu-Fjarnám-Egilsstaðir | 26.1.2010 | 1 | 32 |
| Námskeið fyrir atvinnuleitendur - Að auka persónulegan styrk sinn | 20.4.2010 | 17 | 8 |
| Námskeið fyrir atvinnuleitendur - Að auka persónulegan styrk sinn | 2.12.2010 | 20 | 8 |
| Námskeið fyrir atvinnuleitendur - Að efla sjálfstraust og sjálfsöryggi | 2.2.2010 | 17 | 8 |
| Námskeið fyrir atvinnuleitendur - Að geta talað máli sínu | 23.2.2010 | 18 | 4 |
| Námskeið fyrir atvinnuleitendur - Að sækja um starf og fá starf | 23.3.2010 | 15 | 8 |
| Námskeið fyrir atvinnuleitendur - Að sækja um starf og fá starf | 18.11.2010 | 13 | 8 |
| Námskeið fyrir atvinnuleitendur - Að takast á við breytingar | 18.2.2010 | 12 | 4 |
| Námskeið fyrir atvinnuleitendur - Að takast á við breytingar | 21.10.2010 | 16 | 4 |
| Námskeið fyrir atvinnuleitendur - Áfallahjálpar og viðbrögð við vá | 25.2.2010 | 5 | 4 |
| Námskeið fyrir atvinnuleitendur - Áfallahjálpar og viðbrögð við vá | 19.10.2010 | 14 | 4 |
| Námskeið fyrir atvinnuleitendur - Áhugasviðsgreining og túlkun | 6.5.2010 | 9 | 4 |
| Námskeið fyrir atvinnuleitendur - Áhugasviðsgreining og túlkun | 9.12.2010 | 21 | 4 |
| Námskeið fyrir atvinnuleitendur - Frá orðum til athafna | 29.4.2010 | 4 | 8 |
| Námskeið fyrir atvinnuleitendur - Færnimappa og áhugasvið | 15.4.2010 | 14 | 9 |
| Námskeið fyrir atvinnuleitendur - Færnimappa og áhugasvið | 25.11.2010 | 12 | 9 |
| Námskeið fyrir atvinnuleitendur - Hagfræði skynseminnar | 9.2.2010 | 13 | 4 |
| Námskeið fyrir atvinnuleitendur - Hagfræði skynseminnar | 10.12.2010 | 12 | 4 |

| | | | |
|---|------------|----|-----|
| Námskeið fyrir atvinnuleitendur - Hollusta og heilbrigði | 16.2.2010 | 5 | 4 |
| Námskeið fyrir atvinnuleitendur - Hollusta og heilbrigði | 26.10.2010 | 20 | 4 |
| Námskeið fyrir atvinnuleitendur - Hvað er gagnrýnin hugsun | 2.3.2010 | 12 | 4 |
| Námskeið fyrir atvinnuleitendur - Hvað er gagnrýnin hugsun | 28.10.2010 | 17 | 4 |
| Námskeið fyrir atvinnuleitendur - Hvatning og seigla á óvissutímum | 18.3.2010 | 14 | 4 |
| Námskeið fyrir atvinnuleitendur - Hvatning og seigla á óvissutímum | 16.11.2010 | 17 | 4 |
| Námskeið fyrir atvinnuleitendur - Kynning á menntunarmöguleikum og námsstyrkjum | 9.3.2010 | 18 | 4 |
| Námskeið fyrir atvinnuleitendur - Námsráðgjöf og starfsval | 4.3.2010 | 9 | 4 |
| Námskeið fyrir atvinnuleitendur - Námsráðgjöf og starfsval | 2.11.2010 | 11 | 4 |
| Námskeið fyrir atvinnuleitendur - Námsstækni og hæfileikinn til að læra | 16.3.2010 | 12 | 4 |
| Námskeið fyrir atvinnuleitendur - Námsstækni og hæfileikinn til að læra | 11.11.2010 | 14 | 4 |
| Námskeið fyrir atvinnuleitendur - Þróun starfa og símenntun | 11.3.2010 | 14 | 6 |
| Ótilhlýðileg háttsemi á vinnustað | 24.3.2010 | 65 | 4 |
| Ótilhlýðileg háttsemi á vinnustað -Akureyri | 17.5.2010 | 14 | 4 |
| Ótilhlýðileg háttsemi á vinnustað-Egilsstaðir | 11.5.2010 | 12 | 4 |
| Ótilhlýðileg háttsemi á vinnustað-Hornafjörður | 11.5.2010 | 5 | 4 |
| Ótilhlýðileg háttsemi á vinnustað-Húsavík | 17.5.2010 | 12 | 4 |
| Ótilhlýðileg háttsemi á vinnustað-Ísafjörður | 17.5.2010 | 7 | 4 |
| Ótilhlýðileg háttsemi á vinnustað-Sauðárkrókur | 17.5.2010 | 4 | 4 |
| Rekspölur 1 | 11.10.2010 | 19 | 60 |
| Rekspölur 2 - Allur dagurinn | 13.4.2010 | 8 | 60 |
| Skálatún-Áhrif sjálfsmats á samskipti í lífi og starfi | 10.2.2010 | 36 | 4 |
| Skálatún-Viðbrögð við áföllum á vinnustað | 19.4.2010 | 47 | 4 |
| Skrifstofubraut I í fjarnámi - Raunfærnimat | 15.1.2010 | 5 | |
| Skrifstofubraut I í fjarnámi (11 ein.) - 1. önn | 27.8.2010 | 10 | |
| Skrifstofubraut I í fjarnámi (11 ein.) - 2. önn | 15.1.2010 | 8 | |
| Skrifstofubraut I í fjarnámi (11 ein.) 3. önn | 27.8.2010 | 3 | |
| Skrifstofubraut I í fjarnámi (11 ein.) 3. önn | 15.1.2010 | 6 | |
| Skrifstofubraut II | 15.1.2010 | 3 | |
| Skrifstofubraut I-Staðbundið nám -1.önn | 27.8.2010 | 1 | |
| Starfsmannasamtöl - fyrir starfsmenn (opið öllum) | 17.3.2010 | 2 | 4 |
| Starfsmannasamtöl fyrir starfsmenn-Siglufjörður | 5.3.2010 | 20 | 4 |
| Starfsmannasamtöl fyrir stjórnendur-Siglufjörður | 4.3.2010 | 11 | 6 |
| Starfsnám stuðningsfulltrúa - framhaldsnám | 22.2.2010 | 20 | 80 |
| Starfsnám stuðningsfulltrúa - framhaldsnám | 13.9.2010 | 27 | 80 |
| Starfsnám stuðningsfulltrúa - framhaldsnám -FJARNÁM | 13.9.2010 | 6 | 80 |
| Starfsnám stuðningsfulltrúa - grunnnám | 8.2.2010 | 47 | 160 |
| Starfsnám stuðningsfulltrúa - grunnnám | 6.9.2010 | 58 | 160 |
| Starfsnám stuðningsfulltrúa - grunnnám - FJARNÁM | 15.3.2010 | 17 | 160 |
| Stjórnun streitu og álags | 14.4.2010 | 14 | 4 |
| Svæðisskrifstofa málefna fatlaðra á Austurlandi-Áhrif sjálfsmats á gæði samskipta | 19.4.2010 | 44 | 4 |
| Sýslumaðurinn á Blönduósi - Starfsmannasamtöl fyrir starfsmenn | 11.11.2010 | 6 | 4 |
| Talsmaður breytinga á vinnustað-veitir jafningjum forystu | 9.11.2010 | 20 | 76 |

| | | | |
|--|------------|-----|----|
| Tollstjóri - Að takast á við breytingar | 4.5.2010 | 12 | 4 |
| Tollstjóri - Að takast á við erfiða viðskiptavini | 8.4.2010 | 12 | 4 |
| Tollstjóri - Fullnustugerðir | 26.10.2010 | 7 | 24 |
| Tollstjóri - Hagnýt meðferð tölulegra upplýsinga | 2.2.2010 | 10 | 8 |
| Tollstjóri - Kröfuréttur - grunnur | 2.3.2010 | 10 | 12 |
| Tollstjóri - Kröfuréttur framhald | 15.4.2010 | 10 | 12 |
| Tollstjóri - Líkamsbeiting og heilsa | 12.1.2010 | 10 | 8 |
| Tollstjóri - Svörun erinda | 16.2.2010 | 12 | 8 |
| Tryggingastofnun - Að takast á við erfiða einstaklinga - fyrir stjórnendur | 18.2.2010 | 5 | 2 |
| Tryggingastofnun - Framkoma og tjáning - fyrir stjórnendur | 28.1.2010 | 43 | 2 |
| Tryggingastofnun - Tímastjórnun - fyrir stjórnendur | 4.2.2010 | 42 | 2 |
| Tryggingastofnun - Viðbrögð við áföllum á vinnustað | 25.2.2010 | 49 | 2 |
| Tryggingastofnun - Viðtalstækni - fyrir stjórnendur | 21.1.2010 | 13 | 2 |
| Tryggingastofnun - Vinnupersónuleikar - fyrir stjórnendur | 11.2.2010 | 8 | 2 |
| Tryggingastofnun-Hollusta og heilbrigði | 13.4.2010 | 22 | 3 |
| Tryggingastofnun-Þjónustustjórnun | 5.3.2010 | 148 | 12 |
| Tryggingastofnun-Þjónustustjórnun fyrir umboðsmenn sýslumannsembætta | 14.5.2010 | 22 | 8 |
| Tölvur og tölvunotkun - Excel framhaldsnámskeið | 9.3.2010 | 26 | 26 |
| Tölvur og tölvunotkun - Excel framhaldsnámskeið | 19.10.2010 | 22 | 26 |
| Tölvur og tölvunotkun - Grunnám | 16.2.2010 | 29 | 80 |
| Tölvur og tölvunotkun - Grunnám | 28.9.2010 | 29 | 80 |
| Tölvur og tölvunotkun - Myndvinnsla og myndavélar | 30.3.2010 | 47 | 26 |
| Tölvur og tölvunotkun - Myndvinnsla og myndavélar | 9.11.2010 | 39 | 26 |
| Tölvur og tölvunotkun - Outlook | 16.2.2010 | 13 | 26 |
| Tölvur og tölvunotkun - Outlook | 28.9.2010 | 13 | 26 |
| Tölvur og tölvunotkun - PowerPoint | 9.3.2010 | 9 | 26 |
| Tölvur og tölvunotkun - PowerPoint | 19.10.2010 | 11 | 26 |
| Tölvur og tölvunotkun - Publisher | 30.3.2010 | 10 | 26 |
| Tölvur og tölvunotkun - Publisher | 9.11.2010 | 16 | 26 |
| Tölvur og tölvunotkun - Word framhaldsnámskeið | 20.4.2010 | 14 | 26 |
| Tölvur og tölvunotkun - Word framhaldsnámskeið | 30.11.2010 | 18 | 26 |
| Tölvur og tölvunotkun-Fjársjóður Google | 10.11.2010 | 47 | 26 |
| Tölvur og tölvunotkun-Hugarkort | 30.11.2010 | 44 | 26 |
| Upplýsinga- og skjalastjórn | 12.3.2010 | 18 | 10 |
| Upplýsinga-og skjalastjórnun-Austurland | 12.3.2010 | 11 | 10 |
| Verkefnastjórnun-vinnulag sem virkar | 28.4.2010 | 17 | 24 |
| Verkefnastjórnun-vinnulag sem virkar-Fjarnám-Akureyri | 11.11.2010 | 2 | 24 |
| Verkefnastjórnun-vinnulag sem virkar-Fjarnám-Egilsstaðir | 11.11.2010 | 3 | 24 |
| Verkefnastjórnun-vinnulag sem virkar-Fjarnám-Ísafjörður | 11.11.2010 | 1 | 24 |
| Verkefnastjórnun-vinnulag sem virkar-Fjarnám-Selfoss | 28.4.2010 | 2 | 24 |
| Verkefnastjórnun-vinnulag sem virkar-Fjarnám-Selfoss | 11.11.2010 | 2 | 24 |
| Viðbrögð við áföllum á vinnustað | 8.4.2010 | 70 | 4 |
| Viðbrögð við áföllum á vinnustað-Akureyri | 10.5.2010 | 9 | 4 |
| Viðbrögð við áföllum á vinnustað-Egilsstaðir | 4.5.2010 | 12 | 4 |

| | | | |
|---|-----------|------|----|
| Viðbrögð við áföllum á vinnustað-Hornafjörður | 4.5.2010 | 5 | 4 |
| Viðbrögð við áföllum á vinnustað-Húsavík | 10.5.2010 | 11 | 4 |
| Viðbrögð við áföllum á vinnustað-Ísafjörður | 10.5.2010 | 6 | 4 |
| Viðbrögð við áföllum á vinnustað-Sauðárkrókur | 10.5.2010 | 4 | 4 |
| Vinnugildi og siðfræði starfs | 29.4.2010 | 64 | 4 |
| Vinnugildi og siðfræði starfs-Akureyri | 6.5.2010 | 10 | 4 |
| Vinnugildi og siðfræði starfs-Egilsstaðir | 27.4.2010 | 13 | 4 |
| Vinnugildi og siðfræði starfs-Hornafjörður | 27.4.2010 | 5 | 4 |
| Vinnugildi og siðfræði starfs-Húsavík | 6.5.2010 | 12 | 4 |
| Vinnugildi og siðfræði starfs-Ísafjörður | 6.5.2010 | 7 | 4 |
| Vinnugildi og siðfræði starfs-Sauðárkrókur | 6.5.2010 | 5 | 4 |
| Vísdómur - Almenn lögfræði - réttarheimildir | 19.4.2010 | 10 | 4 |
| Vísdómur - Íslenska | 10.5.2010 | 15 | 8 |
| Þjónustustjórnun | 5.11.2010 | 11 | 20 |
| Þjónustustjórnun-Fjarkennt | 24.9.2010 | 24 | 6 |
| Þjónustustjórnun-Fjarkennt-NÝTT | 15.2.2010 | 25 | 6 |
| Samtals | | 3496 | |